

**Staðfesting konungs** á skipulagsskrá fyrir Verðlaunasjóð Pjeturs 75 Pjeturssonar óðalsbónda á Bollastöðum, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 18. ágúst af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands 18. ágúst 1921. Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### fyrir Verðlaunasjóð Pjeturs Pjeturssonar óðalsbónda á Bollastöðum.

#### 1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður Pjeturs Pjeturssonar óðalsbónda á Bollastöðum og er stofnaður með gjafabréfi hans, dags. 15. september 1919. Stofnfje sjóðsins er 3000 — þrjú þúsund krónur.

#### 2. gr.

Verksvið sjóðsins er Bólstaðarhlíðarhreppur.

#### 3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að hvetja menn til góðrar meðferðar á búpeningi. Skal það gert með vitnisburði og verðlaunum, sem veitt sjeu af vöxtum sjóðsins fyrir nægar fódurbirgðir jafnframt góðri meðferð á búpeningi öllum.

#### 4. gr.

Dómendur um verðleika til verðlauna skulu vera tveir forðagæslumenn hreppsins. Sjeu forðagæslumenn fleiri skal á vorhreppaskilum ákveða hverjir gegna skuli starfi þessu.

#### 5. gr.

Aður en menn sleppa skepnum sínum á vorin skulu áðurnefndir forðagæslumenn fara saman um hreppinn og skoða fódurbirgðir manna og ásigkomulag búpenings. Verði ágreiningur þeirra á milli um hverjir verðlaunin skuli hljóta, skal hreppstjóri tafarlaust tilkvaddur og sker hans atkvæði úr.

Að því loknu skulu þeir senda viðkomandi hreppsnefnd tilkynningu um hverjir verðlaunin hljóti það ár.

#### 6. gr.

Við veitingu verðlauna má taka nokkurt tillit til kringumstæðna. Að öðru jöfnu skal sá ganga fyrir, sem búið hefur lengur í hreppnum, ef búsetutími þeirra hvors um sig er ekki yfir 10 ár og að sjálfsgöðu getur sami maður hlotið verðlaun oft.

75.  
18. ágúst

Þrenn verðlaun má veita og sju hlutföllin þessi:  
fyrstu verðlaun sem 4,  
önnur verðlaun sem 2,  
þriðju verðlaun sem 1.

Verðlaunin afhendist á vorhreppaskilum ásamt skriflegri tilkynningu um veitinguna.

7. gr.

Sjóðurinn skal vera á vöxtum í Sparisjóði Húnavatnssýslu eða öðrum vel trygðum opinberum sjóði.

Við stofnfjeð skal ávalt leggja að minsta kosti  $\frac{1}{10}$  vaxtanna, en alt að  $\frac{9}{10}$  sje varið til verðlauna. Þegar ekki álitst ástæða til verðlauna leggjast allir vextirnir við hofuðstólinn.

8. gr.

Hreppsnefnd Bólstaðarhlíðarhrepps hefur umsjón og stjórn sjóðsins á hendi, ennfremur fjárreiður hans og árleg reikningskil.

Hún skal halda gerðabók, er í skal rita gerðir funda, verðlaunaveitingar og ársreikninga sjóðsins.

9. gr.

Arlegt eftirlit með reikningshaldi og eign sjóðsins hefur sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu.

10. gr.

Nú virðist hreppsnefnd nauðsynlegt að breyta einhverjum atriðum í skipulagsskránni, er henni það heimilt, en þó mega breytingarnar að engu leyti koma í bága við tilgang gefandans.

11. gr.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

Skipulagsskrá þessi var samin og samþykkt á fundi hreppsnefundar Bólstaðarhlíðarhrepps 10. apríl 1920 að Gunnsteinsstöðum. Það vottar

Gunnsteinsstöðum, 20. maí 1921

*Hafsteinn Pjetursson*  
oddviti.